

Hver er kominn fram á siðferðisgripuna? „Norræn samtök heimilislækna fordæma skrif heimilislæknis“

Ritstjórar Kjarnans og Stundarinnar hafa um þessar mundir hátt um mikilvægi rannsóknarblaðamennsku fyrir lýðræðið – og fjölmiðla yfirleitt. Þeir tala um faglega blaðamennsku, sem m.a. felst í því að segja sannleikann, fara rétt með staðreyndir og stuðla að lýðræðislega, góðri umræðu.

Hér gefur að líta enn eitt sýnishorn af fagmennsku Stundarinnar, umfjöllun um skoðanir Guðmundar Pálssonar, læknis. Greinin er skrifuð af Ölmu Mjöll Ólafsdóttur. Rannsóknarblaðamennskuhandbragð Stundarinnar er kunnuglegt; neikvæð einhliða og gagnrýnislaus umfjöllun, leyndardómsfull kona, sem er nafnlaus fulltrúi allra kvenna og sérstaklega þeirra, sem nýta sér þjónustu Heilsugæslustöðvarinnar í Grafarholti. Tilgangurinn virðist vera sá að sá frægum tortryggni í garð læknisins, ekki með skírskotunar til sannaðra misbresta í starfi hans, heldur viðhorfa til baráttu þeirra, sem kvenfrelsarar eru og telja sig berjast fyrir hagsmunum allra kvenna – og siðgæðishugmyndir.

Rannsóknarblaðamanninum, Ölmu Mjöll, kippir í kvenfrelsarakynið. Hún fer með villandi upplýsingar. Hún hefur greinilega átt spjall við Jóhann Ágúst Sigurðsson, formann Samtaka norrænna heimilislækna. Bæði blaðamaður og Jóhann Ágúst láta líta svo út að fjallað hafi verið um kæru á hendur Guðmundi. En það kemur hvergi fram. Því liggur við borð að álykta, að Jóhann Ágúst tali um eigin (for)dóma, en komi ekki fram fyrir hönd fyrrnefndra samtaka. Það er hins vegar grafalvarlegt mál, sem Samtökin ættu að fjalla um. Samtökin ættu einnig að fjalla um það hátterni Jóhanns Ágústs, að benda á skoðanir Guðmundar sem dæmi um auðsýnda vanvirðingu við læknisleg grunnildir. Það er ólíka siðferðilega ósmekklegt og umfjöllun Stundarinnar gervöll.

Þátttaka Stundarinnar í aðför að Guðmundi er ógeðfæld, trúlega fyrsti þáttur réttarhalds götunnar. En miðillinn kann þá kúnt. Það er veruleg hætta á, að maðurinn verði dæmdur í útlegð, þegi menn þunnu hljóði. Enn sem oftast snýst málið um málfrelsi, rétttrúnað og múgsefjun.

Hér má lesa orð Jóhanns Ágústs. En ég hvet fólk til að lesa greinina í heild sinni.

„Jóhann Ágúst Sigurðsson, formaður Samtaka Norrænna heimilislækna eða Nordic Federation of General Practice, segir í samtali við Stundina að „skrif og skoðanir Guðmundar Pálssonar stangast á við grunnildi heimilislækna“.

Í grunnildum heimilislækna segir Jóhann að tekið sé fram að „til þess að varðveita heilsu er mikilvægt að hver og einn njóti réttlætis og virðingar. Þar ber sérstaklega að taka tillit til ójafnvægis eða óréttlætis sem skapast geti vegna kynþáttar/hörundslitar, kyns, kynhegðunar, pólitískra skoðana, atvinnuleysis, trúarbragða, og svo framvegis. Í fyrrnefndum skrifum Guðmundar er vegið að þessum þáttum,“ segir Jóhann.

Þá segir hann að í sömu grein um grunnildin sé bent á að heimilislæknar telji það skyldu sína að tala um eða segja frá ef þeir verði varir við slíkt misrétti í starfi sínu og því telji hann sig vera í þeirri afstöðu [hér á greinarhöfundur vafalaust við aðstöðu] að vekja athygli á þessu vandamáli.

Jóhann segir að Guðmundur hafi tjáningarfrelsi eins og aðrir en það sé alltaf háð þeirri stöðu sem hver og einn sé í. „Þar eð skoðunin tengist oft ekki aðeins persónunni heldur einnig stöðu/fagstétt

viðkomandi. Þannig getur til dæmis stjórnmalamaður í valdastöðu ekki tjáð sig um hvað sem er sem persóna, eða hegðað sér hvernig sem er sem persóna, samanber Trump. Læknir er einnig í svipaðri stöðu þar sem fólk getur verið háð honum eða henni vegna heilsu sinnar. Fólk er háð því að læknir sinni vandamálum þeirra óháð þeim þáttum sem ég nefndi hér að ofan. Umræða læknis á Facebook verður þannig bæði tengd persónunni og faginu sem slíku.“

<https://stundin.is/grein/13431/norraen-samtok-heimilislækna-fordaema-skrif-heimilislæknis/>